



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði 29. ágúst 2018 kl. 16:30.

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, Hörður Guðmundsson, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinnsson, byggingarfulltrúi.

1. Breyting á aðalskipulagi. Námur og efnistaka vegna Kröflulínu 3.

Byggingar- og skipulagsnefnd fjallaði um málið á fundi 16. mars sl. Afstaða nefndarinnar er óbreytt síðan þá og samþykkir fyrir sitt leyti framlagða breytingu á aðalskipulaginu vegna efnitöku vegna framkvæmda við Kröflulínu 3. Athugað var hvort hægt væri að lít svo á að þetta sé minniháttar breyting á aðalskipulagi og afgreiða málið í samræmi við *gr. 4.8.3. Óveruleg breyting á aðalskipulagi* sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Sú leið er ekki fær í þegar breyting aðalskipulags snýst um efnistöku og námur. Í þessu tilviki verður því að haga afgreiðslunni í samræmi við grein 4.7. Afgreiðsla aðalskipulags í skipulagsreglugerðinni.

2. Baðhús við Óbyggðasetrið á Egilsstöðum.

Lagðir fram aðaluppdrættir af baðhúsi við Óbyggðasetrið frá VERKÍS. Brúttó rúmmál er 146,5 m³ og brúttó flatarmál 52,7 m². Laugar og baðhús verða á steypum sökklum og yfirbygging úr forsteyptum einingum og ytra byrði þeirra klætt með grjóthleðslu og timburklæðningu sem unnin er úr rekaviði. Á síðasta fundi nefndarinnar var lögð fram teikning af stækkun lóðar við Óbyggðasetrið, sú stækkun er enn í afgreiðsluferli og baðhúsið er á þeim hluta lóðarinnar sem stækkunin tekur til. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir framlagðan aðaluppdrátt af baðhúsinu og veitir fyrir sitt leyti byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni, með fyrirvara um að lóðarstækkunin gangi eftir.

3. Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 16. júlí 2018.

Fundarmenn kynntu sér efni bréfsins. Það fjallar um auglýsingar meðfram vegum og annarsstaðar utan þéttbýlis. Í bréfinu er vakin athygli á því að auglýsingar utan þéttbýlis þurfa að vera, bæði hvað varðar útlit og staðsetningu, innan þess ramma sem fram kemur í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og reglugerð nr. 941/2011 um auglýsingar meðfram vegum og annars staðar utan þéttbýlis.

4. Bréf frá Vegagerðinni dags. 20. ágúst 2018.

Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi vegna endurbyggingar á Upphéraðsvegi (931-03) Teigaból-Bolalækur. Vegagerðin áformar að bjóða út í ágúst 2018 endurbætur á Upphéraðsvegi, Teigarból-Bolalækur um lönd jarðanna Hrafnsgerðis í Fljótsdalshéraði og Droplaugarstaða og Arnheiðarstaða í Fljótsdalshreppi. Um er að ræða endurgerð vegar um Droplaugarstaði milli

Teigabóls og Bolalækjar ásamt tilheyrandi vegtengingum, ræsagerð og lögn klæðingar og enn fremur gerð hálfbogaræsis yfir Hrafnsgerðisá með steiptum sökklum. Lengd útboðskaflans er 3,02 km og lengd ræsisins er tæpir 18 m og þvermálið 5 m. Um 1 km útboðskaflans er innan Fljótsdalshéraðs og um 2,02 km innan Fljótsdalshrepps.

Byggingar- og skipulagsnefnd fór vel yfir þau gögn sem fylgdu umsókninni um framkvæmdaleyfið og gerir engar athugasemdir við þau fyrir sitt leyti. Nefndin vísar framhaldi málsins til sveitarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu.

5. Erindi um minnisvarða við Bessastaðaá.

Erindið kom frá Kristínu Amalíu Atladóttur og barst til formanns nefndarinnar. Það fjallar um að koma upp minnisvarða og upplýsingaskilti vestan við Bessastaðaá í landi Hamborgar þar sem lítill afleggjari er til fjalls útaf þjóðvegi. Með minnisvarðanum á að minnast Halldóru Jónsdóttir sem talið er að hafi verið drekkt í Bessastaðaá árið 1729 fyrir blóðskömm. Byggingar- og skipulagsnefnd telur að á þessu stigi sé málið fyrst og fremst á milli landeiganda og framkvæmdaraðila. Nefndin lítur jákvætt á málið og ef af framkvæmdum verður óskar nefndin eftir, að fyrir hana verði lagðar upplýsingar um gerð minnisvarðans. Einnig telur nefndin rétt að framkvæmdaaðili að kynna hugmyndina fyrir Vegagerðinni vegna afleggjara útaf þjóðveginum og bílastæðis við minnisvarðann.

6. Önnur mál.

- a) Kynnt minnisblað frá fundi 16. ágúst sl. með Kristni Bjarnasyni þar sem farið var yfir úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Víðivalla ytri 1. Í vettvangsferð 10. ágúst. var húsið á Arnaldsstöðum skoðað og myndað.
- b) Rætt um fyrirhugaða haustferð nefndarinnar í Geldingafellsskála. Nefndarmenn töldu að 12. september gæti hentað til ferðarinnar að öllu óbreyttu. Vitað er að leiðin getur verið torfær fyrir óbreytta bíla. Hörður bauðst til að leggja til breyttan bíl til ferðarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:50

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf
Hörður Guðmundsson
Jón Þór Þorvarðarson